

Athugasemdir varðandi frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð

SAMÚT – Samtök útivistarfélaga
C/O Útivist
Laugavegi 178
105 Reykjavík

Allar aðgerðir til verndunar náttúru Íslands eru fagnaðarefni fyrir útivistar- og ferðafólk. Stofnun þjóðgarðs felur í sér að tiltekin landssvæði eru tekin til sérstakar verndunar þannig að náttúruunnendur geti um ókomin ár ferðast um viðkomandi svæði og notið þeirrar náttúru sem þau hafa að geyma.

Það skiptir því megin máli að lög og reglugerðir um þjóðgarða og öll stjórnun þeirra taki tillit til þarfa þeirra hópa sem sækja í að njóta þeirrar náttúru sem þar er að finna. Löng hefð er fyrir ferðalögum um Vatnajökul og nágrenni hans, bæði jeppaferða, vélsleðaferða, gönguferða og skíðaferða. Vaxandi áhugi er á þessari tegund ferðamennsku. Þeir ferðahópar sem um svæðið hafa farið síðustu áratugi kalla ekki eftir miklum framkvæmdum eða þjónustu, heldur leggja þeir megin áherslu á frelsi til að haga sinni ferðamennsku eftir eigin áætlunum í samræmi við aðstæður hverju sinni og í sátt við náttúrna. Það er mikilvægt að þjóðgarðsstofnun sé í sátt við þessa hópa og slík sátt er vandséð nema fulltrúar þessara hópa hafi sem mesta aðkomu að ákvörðunum er þjóðgarðinn varðar. Þetta á bæði við um lög og reglugerðir er þjóðgarðinn varðar og einnig stjórnunarlegar ákvarðanir er hann varðar eftir stofnun.

SAMÚT¹, samtök útivistarfélaga, er sameiginlegur vettvangur allra helstu útivistarfélaga landsins. Það er sjálfsgöð krafa þessara félagasamtaka að SAMÚT hafi góða aðkomu að gerð reglugerða um þjóðgarðinn. Þannig er hægt að virkja þá sem best þekkja til ferðalaga á Vatnajökli og nágrenni hans. Jafnframt hlýtur að vera eðlilegt að SAMÚT fái fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins og sé þar sem fulltrúi stórs hóps notenda.

Hér á eftir eru athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

4 grein:

Ekki er gert ráð fyrir að notendur þjóðgarðsins eigi aðild að stjórn hans líkt og aðrir hagsmunaaðilar og er þó óumdeilanlegt að hér er um verulega hagsmuni að ræða. Það hlýtur að vera eðlileg krafa að SAMÚT tilnefni fulltrúa í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs, en slíkur fulltrúi væri sameiginlegur fulltrúi Ferðaklúbbsins 4x4, Ferðafélags Íslands, Vélhljólaíþróttaklúbbsins, Útivistar, Jöklarannsóknafélags Íslands, Landssambands Íslenskra Vélsleðamanna og fleirri félagasamtaka. Að baki þessara félagasamtaka eru um 30.000 félagsmanna og innan þeirra er meginþorri þeirra Íslendinga sem í dag stunda ferðalög á Vatnajökli.

¹ Aðildarfélag Samút eru Bandalag íslenskra skáta, Ferðafélag Íslands, Ferðaklúbburinn 4x4, Félag húsbilaeigenda, Fuglaverndarfélag Íslands, Hellarannsóknarfélag Íslands, Íslenski Alpaklúbburinn, Jöklarannsóknarfélag Íslands, Kayakklúbburinn, Landssamband hestamannafélaga, Landssamband Íslenskra vélsleðamanna, Landssamband stangaveiðifélaga, Sjálfboðaliðasamtök um náttúruvernd, Skotveiðifélag Íslands (SKOTVÍS), Útivist, Vélhljólaíþróttaklúbburinn (VÍK),

12 grein:

Hér gildir sama og áður að eðlilegt er að fulltrúi Samút komi að gerð verndaráætlunar frá upphafi. Þar ber að geta að kunnátta á svæðinu liggur hjá ferðafólki og mikilvægt að tryggja umferðarétt almennings um svæðið. Verndunaráætlun þarf að miða að því að vernda náttúruna, en jafnframt að taka tillit til þess að almenningur hafi tækifæri til að njóta hennar. Mikilvægt er að almenn og góð sátt ríki um verndaráætlun og er það best tryggt með því að rödd ferðafólks hafi áhrif á gerð hennar..

15. grein

Hér er fjallað um umferð í þjóðgarðinum og er því sú sem hvað mest snertir hagsmuni þeirra sem í dag ferðast um það svæði sem fellur undir þjóðgarðinn eftir stofnun hans. Í náttúruverndarlögum er bann við akstri utan vega með undanþáguákvæði um akstur á snjó og frosinni jörð. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar er gengið nokkuð lengra innan þjóðgarðisins. Eðlilegt og nauðsynlegt er að vel sé gætt að því að ekki hljótist skemmdir á náttúru innan þjóðgarðsins af völdum umferðar. Á hinn bóginn þurfa reglur að vera þannig úr garði gerðar að þær setji ekki óþarfa takmarkanir á ferðalög innan þjóðgarðsins og samrýmist þeim ferðavenjum sem hafa verið viðhafðar síðustu áratugi í sátt um náttúruna. Besta leiðin til að tryggja góða sátt um reglur um umferð er að þeir sem stunda þá ferðamennsku sem um ræðir komi að gerð reglanna og tillit sé tekið til sjónarmiða þeirra. Hugmyndir um sérstakar leyfðar vetrarakstursleiðir stinga verulega í stúf og samræmast illa ferðalögum á snjó að vetri til. Á hinn bóginn getur vel komið til álita að tiltekin afmörkuð svæði séu lokuð fyrir akstri tiltekin tímabil í því skyni að halda umferð frá vinsælum gönguleiðum, en heppilegast er að tillögur að slíku komi frá útivistarfólki sjálfu og SAMÚT er vettvangur slíkrar umræðu.

19 grein

Sérstaklega er tiltekið að umhverfisverndarsamtök eigi kærurétt varðandi ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laganna. Það skýtur mjög skökku við að útivistarsamtök virðast ekki eiga sambærilegan kærurétt, enda eru þau hagsmunasamtök notenda þjóðgarðsins.

20 grein

Eins og rökstutt hefur verið hér að framan er full ástæða til að fulltrúar útivistarsamtaka komi að gerð reglugerðar um þjóðgarðinn, enda er innan þeirra veruleg þekking á þessu landsvæði. Aðkoma SAMÚT að þessu hlýtur því að vera verulegur fengur fyrir framgang þessa máls.

21 grein

Gjaldtaka af ferðafólki á Íslandi hefur einkum verið fyrir veitta þjónustu en ekki fyrir aðgang að sjálfri náttúrunni. Vatnajökulþjóðgarður verður víðfemur og stór og væntingar þjóðgarðsgesta um þjónustu af hálfu þjóðgarðsins mismunandi. Æskilegt er að lög um Vatnajökulþjóðgarð kveði skýrt á um að gjaldtaka í þjóðgarðinum sé með þeim hætti að greitt sé fyrir aðgang að aðstöðu í þjóðgarðinum, upplýsingar og fræðslu, en áfram verði hægt að njóta náttúrunnar á eigin forsendum án þess að fyrir það eitt og sér þurfi að greiða. Á hinn bóginn er eðlilegt að þjóðgarðurinn taki gjald fyrir veitta þjónustu og nauðsynlegt að þau ferðafélög og rekstraraðilar sem reka skála innan þjóðgarðsins geti innheimt sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína.